

## AUGLÝSING

### um gildistöku deiliskipulags Eyrarinnar á Svalbarðseyri í Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Eyrina á Svalbarðseyri í Svalbarðsstrandarhreppi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 6,3 ha að stærð og nær yfir fimm landnotkunarflokka þ.e. íbúðarbyggð, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði og hafnarsvæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir 23 lóðum auk hafnarsvæðis, 10 íbúðarhúsalóðum þar af 2 með möguleika á verslun og þjónustu, 5 lóðum fyrir athafnastarfsemi og 8 fyrir iðnaðarstarfsemi.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 30. ágúst 2013. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Svalbarðseyri, 28. nóvember 2013.*

**Jón Hrói Finnsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2013